

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 494, 29. desember 1992, um innflutnings-
gjald af bensíni og sérstakt bensíngjald til ríkissjóðs.**

1. gr.

Síðari másl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frestur til greiðslu gjaldanna til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að þau séu greidd áður en mánuður er liðinn frá lokum sölumánaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sett með heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Kögurgrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 417, 2. desember 1992, um bann við togveiðum á Kögurgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. janúar 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1993.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.